
Deiliskráning norðan Selvatns í Mosfellsbæ



Guðrún Alda Gísladóttir

Fornleifastofnun Íslands
Reykjavík 2020
FS800-20301



Forsíðumyndin er tekin til suðurs yfir deiluskipulagssvæðið, að Selvatni.

Myndina tók Guðrún Alda Gísladóttir.

©2020

Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.fornleif.is

SAMANTEKT

Skýrsla þessi fjallar um deiliskráningu frístundabyggðar norðan við Selvatns, sem er vestast á Miðdalsheiði, austan höfuðborgarsvæðisins. Skipulagssvæðið er um 10 ha stórt, breidd svæðisins frá vatnsbakka Selvatns er um 250 m og nær það um 360 m upp í landið til norðurs. Ellefu lóðir eru innan skipulagssvæðis. Fornleifaskráningin var unnin í júlí 2020 að beiðni landeigenda sem ráðgera að byggja á svæðinu. Úttektarsvæðið er í sveitarfélaginu Mosfellsbæ. Engar öruggar fornleifar fundust innan deiliskipulagssvæðisins en einn sporöskjulaga hóll norðaustast á svæðinu var skráður en hann þarf að kanna betur þegar gróður fellur í haust.

Efnisorð: Fornleifaskráning, deiliskráning, Mosfellsbær, Mosfellssveit, Selvatn, Miðdalur


SUMMARY

This report presents the findings and conclusion of a detailed survey carried out within ca 10 ha area by Selvatn, Mosfellsbær. The survey was commissioned by landowners who are planning a recreation area. One site was surveyed.

Keywords: Archaeology, detailed survey, Mosfellsbær, Mosfellssveit, Selvatn, Miðdalur

INNGANGUR

Fyrrihluta sumars 2020 var haft samband vegna deiliskráningar á reit norðan við Selvatn í Mosfellsbæ. Hallgrímur Ólafsson fór þess á leit fyrir hönd sína og annarra landeigenda að gerð yrði úttekt á svæðinu með tilliti til fornleifa. Á svæðinu er unnið að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð af *Skipulags-arkitekta-og verkfræðistofunni ehf*, og er reiturinn norður frá Selvatni vestarlega. Landið var innan jarðarinnar Miðdals í Mosfellsbæ. Svæðið var skráð á vettvangi í júlí 2020. Við vettvangsskráningu var gengið kerfisbundið um allt úttektarsvæðið og leitað að minjum en engar heimildir voru um minjar þar fyrir. Um vettvangsskráningu og skýrslugerð sá Guðrún Alda Gísladóttir fornleifafræðingur.



Úttektarsvæðið er um 10 ha stórt, breidd svæðisins frá vatnsbakka Selvatns er um 250 m og nær það um 360 m upp í landið til norðurs. Til er fornleifaskráningarskýrsla yfir fornleifar í Mosfellsbæ, og þ.m.t. landi Miðdals, unnin af Þjóðminjasafni Íslands.¹ Áður en deiliskráning hófst 2020 var ekki vitað um fornleifar innan svæðisins en kerfisbundin ganga leiddi í ljós einn stað þar sem mögulega eru fornleifar – sjá GK255-026.

Þær minjar sem einkum er vitað um í nágrenni deiliskipulagsreitsins eru þrjú sel við Selvatn en í landi Miðdals var Litlasel við austurenda vatnsins og Víkursel frá Vík á

¹ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson. *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ 2006/2*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands.

Seltjarnarnesi. Sunnan vatns er Stórasel.² Stórt mýrarstykki er innan deiliskipulagreitsins og er sennilega austurhluti mýrar sem kallast Sauðhúsamýri. Í örnefnaskrá Miðdals segir eftirfarandi: „Upp af norðurenda Sólheimamýrar er Háabrekka ofan við Háubrekku eru Brekkubrúnir sunnan við Brekkubrúnir er fallegur hvammur er Sauðhúsahvammur heitir. Ofan við Sauðhúsahvamm eru sauðhús er afi minn byggði. Móts við Sauðhúsahvamm er kriki er Fífukrökur heitir. Skammt suður af Fífukrök er Sólheimakot, hjáleiga frá Miðdal.“³ Sólheimakot er talsvert vestan við skipulagssvæðið semog örnefni og minjar sem benda til fjárhúsa. Örnefni sem benda til heyskapar, Heytjarnarheiði og Heytjörn, eru norðan við Sauðhúsamýri, norðan deiliskipulagssvæðis.



Mynd 2. Úttektarsvæði fyrir deiluskipulag, rauð umgjörð.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar: Stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd, umfjöllun um aðferðafræði sem notuð var við úttektina,

² Agnes Stefánsdóttir o.fl. 2006, 106; Margrét Björg Magnúsdóttir 2011, 24-25.

³ Örnefnaskrá Miðdals. 1975, 4.

sjálf fornleifaskráningin, þar sem finna má upplýsingar um allar þekktar minjar innan deiliskipulagsreitsins. Að lokum er samantekt um sögu svæðis og landshætti á deiliskipulagssvæðinu og helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir minjastaði.

SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðaleða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri mínjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-239:001). Þær minjar sem skráðar voru innan deiliskipulagsreits falla undir Þjórsárdal ÁR-674. Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi nærri rannsóknarsvæðinu. Fleiri minjar voru aðalskráðar, utan deiliskipulagsreitsins en upplýsingar um þá staði eru ekki birtar í skýrslunni. Er þetta skýringin á því að númeraröð fornleifa er ekki samfelld heldur vantar inn í númer á minjum sem eru þekktar utan marka deiliskipulagsreits.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartæki. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.



Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka áhrifasvæðis „stórhættu vegna framkvæmda“. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi

minjastaða. Það er þó ljóst að hægt ætti að vera að hlífa mörgum minjastaðanna sé tillit tekið til fornleifa á deiliskipulagsstigi. Að þessu sögðu er ljóst að stór hluti ráðgerðra framkvæmda er innan heimatúns gamalla jarða og þar er minjadreifing mjög þétt. Á slíkum svæðum má einnig gera ráð fyrir því að áður óþekktar minjar geti komið í ljós á framkvæmdastigi.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í Jarðnáð Johnsenes Númer fornleifar á tiltekinni jörð Sérheiti Tegund Hlutarverk Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslurákn **SP-178-009** **Sveinshlaða** **tóft** **hlaða** **E: 528751 N: 352323**

Ljósmynd af minjastað og uppþæling/teikning

Sveinshlaða 009, hæft til norðurs

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skafártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skafártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torflaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hölfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hölfir norðvestan við hana. Nokkur hölmundun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar → Hætta sem stöðvar að fornleif

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í nánar færsla í heimildaskrá

Dæmi um skráningu á minjastað í skýrslum fornleifastofnunar Íslands.

FORNLEIFASKRÁ

GK-255 Miðdalur

Í fornleifaskrá Þjóðminjasafns Íslands yfir fornleifar í Mosfellsbæ, segir um jörðina Miðdal:

„Miðdalur hefur trúlega verið í eigu Viðeyjarklausturs en er fyrst getið í Fógetareikningum 1547-52 sem „Mýdall“ eða „Mijdall“, þá í eigu konungs. Árið 1704 er hún ennþá konungsjörð og ábúandi einn (Jarðabók Árna og Páls III, bls. 289-91). Árið 1847 er Miðdalur hins vegar kominn í bændaeign og býr eigandinn þar sjálfur (J. Johnsen). Einhvern tíma á árunum 1938-57 var jörðinni skipt í Miðdal I og II. Skv. Fasteignabók 1957 er Miðdalur II þó í eyði og nýtt frá Dallandi en í Eyðijarðaskrá 1963 kemur fram að Dalland var myndað úr Miðdal II og nýtt af eiganda. Jarðaskrá Landnáms ríkisins staðfestir að Miðdalur II var ekki í ábúð þegar byrjað var að halda jarðaskrár 1958 og hefur ekki verið síðan. Miðdalur I er hins vegar ennþá í ábúð.“⁴

GK-255:026 þúst óþekkt

A 457936 N 395330

Um það bil 1,7 km SA frá Miðdal er þurr rimi sem kallast Langimelur og er austur af Sauðhúsamýri. Í örnefnaskrá segir: “Frá miðju Selvatni austan Sauðhúsamýrar er Langimelur skammt austur af suðurenda Langamels rennur Hrutlækur í Selvatn“.⁵ Norðarlega á Langimel og norðaustast á úttekarsvæðinu er sporöskjulaga hól eða þúst. Í honum er talsvert grjót. Hóllinn hefur stefnuna norðaustur-suðvestur. Hann er um 25 m langur NA-SV og um 15 m breiður NV-SA, hæð um 1 m. Dældir virðast vera í hólnum. Allt er þetta fremur óljóst vegna gróðurs, en á hólnum vex lúpína, allt að metri á hæð. Þennan hól þyrfti að kanna betur og ganga úr skugga um hvort hann sé manngerður þegar gróður fellur. Í umhverfinu eru víða grjóthólar eða grjótrindar, svo mögulega er þústin náttúruleg.

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda.

⁴ Agnes Stefánsdóttir o.fl. 2006, 92.


⁵ Örnefnaskrá Miðdals 1975, 3.



Mynd 3. Deiliskipulagssvæði, rauður rammi. Sporöskjulaga hóll/þúst mektur inn sem rauður hringur ofan við 'Selvatn lod'. Hnit á hól A371815 N402352.

LANDSHÆTTIR Á SVÆÐINU

Landi á þessum slóðum háttar þannig að það hallar mót suðri niður að Selvatni. Malarvegur sem liggur austur-vestur í gegnum svæðið er á bakkabrún ofan vatns og skiptir reitnum í tvennt.



Mynd 4. Deiliskipulagsreiturinn, teikning frá Skipulags-arkitekta-og verkfræðistofunni ehf. Malarvegur sem skiptir landinu á bakkabrún er brúngulur.

Ofan/norðan við veginn er landið aflíðandi en neðan/sunnan við veginn er landið brattara niður að vatnsbakka. Ofan malarvegarins er landið mýri utan þurrlandari kraga sem er meðfram austurhlið svæðisins og fast ofan vegarins. Lúpína er þar mjög áberandi. Hér og hvar eru ógróin svæði, blásnir mela.



Mynd 5. Ofan malarvegjar, t.v. horft til NV, trén við bústað utan deiliskipulags. Mynd t.h.: Horft til SA, að Selvatni. Trén eru í kringum sumarþústað sem er innan deiliskipulagsreits, reistur á árunum 1952-1954 (Heimild: Hallgrímur Ólafsson).

Neðan malarvegjarins er búið að móta landslagið meira í kringum þústaði sem þar eru, meira graslendi, talsvert þéttur trjágróður, barr-og lauftré, er þarna - og mikil lúpína. Landið er gróið fram á vatnsbakkann.



Mynd 6. Neðan malarvegjar, grónir bakkar við vatnið og tré við þústaðinn innan deiliskipulagsreits. Mynd t.v. horft með vatnsbakka til austurs. Mynd t.h. gróið land kringum þústað sem sést grilla í innan um trén, horft til SV.

FORNLEIFAR INNAN DEILISKIPULAGSSVÆÐIS

Ein þúst er skráð innan deiliskipulagsreitsins, GK-255:026.

Að lokum er rétt að vekja athygli á 22. og 23. grein laga um menningarminjar en í þeim segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Ennfremur segir: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.“ Minjastofnun Íslands mun taka afstöðu til áhrifa framkvæmdanna á fornminjar, hvort þau teljist ásættanleg og hvort nauðsynlegt sé að grípa til mótvægisáðgerða.

HEIMILDASKRÁ

Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson. *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ 2006/2*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands.

Margrét Björg Magnúsdóttir 2011. Rannsókn á seljum í Reykjavík. Skýrsla nr. 159. Minjasafn Reykjavíkur.

Örnefnaskrá Miðdals. 1975. Skráð af Tryggva Einarssyni í Miðdal. Örnefnastofnun.